

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Línæik Önnu Sævarsdóttur um líkgeymslur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvar eru staðsettar líkgeymslur á vegum sóknarnefnda og kirkjugarða og hver er rekstraraðili þess húsnæðis? Svar óskast sundurliðað.*

Ráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá kirkjugarðaráði vegna fyrirspurnarinnar og eru þau svör sem ráðuneytinu bárust sundurliðuð í eftirfarandi töflu. Svar kirkjugarðaráðs byggist meðal annars á upplýsingum sem fram koma í skýrslu sem kom út á vegum Kirkjugarðasambands Íslands árið 2013 og ber heitið: *Fjármál kirkjugarða. Greining og tillögur*. Í skýrslunni er meðal annars fjallað um líkgeymslur og mál þeim tengd, auk þess sem þar er að finna skrá frá árinu 2008 yfir líkhús-/geymslur á nokkrum stöðum á landinu, sem kirkjugarðaráð hefur uppfært með hliðsjón af fyrirspurninni.

#### Líkgeymslur.

Staðsetning	Rekstraraðili
Sérhúsnæði á vegum Ólafsvíkursóknar	sóknarnefnd
Hólmavíkurkirkja	sóknarnefnd
Kirkjugarður Akureyrar	kirkjugarðsstjórn
Þórshafnarkirkja	sóknarnefnd
Kirkjan á Höfn	sóknarnefnd
Kirkjugarður Hafnarfjarðar	kirkjugarðsstjórn
Fossvogskirkjugarður, Reykjavík	kirkjugarðsstjórn